

MINNISBLAÐ

TIL:	PÁLS BJÖRGVINS GUÐMUNDSSONAR FRAMKVÆMDASTJÓRA SSH
FRÁ:	HILDIGUNNI HAFSTEINSDÓTTUR LÖGFRÆÐINGI SSH
EFNI:	SVÆÐISBUNDIÐ FARSÆLDARRÁÐ Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU OG ÖNNUR TENGÐ VERKEFNI
DAGS:	30. ÁGÚST 2024

Tillaga

Gerð er tillaga um að komið verði á fót sameiginlegu farsældarráði landshlutans.

Jafnframt er lagt til:

Að framkvæmdastjóra SSH verði falið gera viðaukasamning við samning um Sóknaráætlun höfuðborgarsvæðisins við mennta- og barnamálaráðuneytið um fjármögnun ráðningar verkefnastjóra sem starfi að undirbúningi stofnunar farsældarráðs höfuðborgarsvæðisins.

Að framkvæmdastjóra SSH verði falin ráðning verkefnastjóra á grundvelli ofangreinds viðaukasamnings.

Greinargerð

Umsagnir

Framangreint var til umræðu á 579. fundi stjórnar og var þá ákveðið að leita eftir afstöðu Skólamálanefndar SSH og Samráðshóps á sviði velferðarmála til málsins.

Afstaða Samráðshóps á sviði velferðarmála barst með tölvupósti dags. 27. ágúst 2024 og er svohljóðandi:

„Samráðshópur SSH um velferðarmál leggur til að sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu ráði sameiginlegan verkefnastjóra til að vinna að undirbúningi stofnunar farsældarráðs fyrir höfuðborgarsvæðið.“

Skólamálanefnd bókaði eftirfarandi á fundi sínum um málið 30. ágúst 2024:

„Við styðjum eitt sameiginlegt ráð en göngum út frá því að ríkið kosti tvo starfsmenn sem væru staðsettir á skrifstofu SSH. Ráðið væri meira með samhæfingarhlutverk en ekki boðvald þar sem að þetta eru í grunninn stór og stöndug sveitarfélög sem væru bæði með öflugan mannauð (bjargir) í miðlægri þjónustu og traustar stofnanir í skóla- og frístundastarfi. Þá skiptir máli að sem mest jafnræði sé varðandi sameiginlegar áherslur (þ.e. minni sveitarfélög ekki tilneydd að fylgja stærstu sveitarfélögunum) þannig að tryggt sé að hvert sveitarfélag hafi rúmt sjálfræði til athafna í farsældarþjónustu.“

Þá telur hópurinn rétt að framvinda þessa fyrirkomulags sé metin í ljósi reynslunnar og síðar tekin afstaða til hvort ástæða sé til að skipta farsældarráði annars vegar eitt ráð fyrir Reykjavík og annað fyrir hin sveitarfélögin.“

Lagaáskilnaður

Samkvæmt lögum nr. 86/2021 um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna (farsældarlögin) **skipa sveitarfélög svæðisbundin farsældarráð**. Farsældarráð eru skv. lögnum vettvangur, þar sem svæðisbundnir þjónustuveitendur ríkis og sveitarfélaga hafa samráð og vinna áætlun um svæðisbunda forgangsröðun aðgerða um farsæld barna.

Í 5. gr. laganna er fjallað um svæðisbundin farsældarráð:

- Sveitarfélög skipa svæðisbundin farsældarráð sem eru vettvangur fyrir svæðisbundið samráð um farsæld barna. Þar eiga sæti fulltrúar svæðisbundinna þjónustuveitenda á vegum ríkis og sveitarfélaga. Ráðið skal hafa samráð við fulltrúa notenda á viðkomandi svæði.
- Svæðisbundin farsældarráð skulu vinna áætlun um svæðisbundna forgangsröðun aðgerða um farsæld barna til fjögurra ára sem tekur mið af þingsályktun um stefnu um farsæld barna og framkvæmdaáætlun ríkisins og niðurstöðum farsældarþings.
- Sveitarfélög vinna skýrslur um framvindu áætlana um svæðisbundna forgangsröðun aðgerða á tveggja ára fresti. Áætlanir og skýrslur samkvæmt þessari grein skulu sendar Gæða- og eftirlitsstofnun velferðarmála.

Lögin veita ekki skýra leiðsögn um hvernig skipa skuli í ráðin eða um svæðaskiptingu þeirra. Lögin veita ákveðið svigrúm til að sveitarfélög skapi vettvang fyrir svæðisbundið samráð eftir því sem hentar á hverjum stað og útiloka ekki að sveitarfélög taki sig saman um að vinna svæðisbundna stefnumótun þvert á sveitarfélagamörk. Gert er ráð fyrir að svæðisbundin farsældarráð séu skipuð í kjölfar farsældarþings enda skulu þau vinna áætlun um svæðisbunda forgangsröðun aðgerða um farsæld barna til fjögurra ára sem tekur mið af þingsályktun um stefnu um farsæld barna og framkvæmdaáætlun ríkisins og niðurstöðum farsældarþings. Fyrsta farsældarþingið var haldið þann 4. september 2023.

Þá er gert ráð fyrir að fulltrúar svæðisbundinna þjónustuveitenda á vegum ríkis (heilbrigðisstofnanir, lögfregla, o.s.frv.) og sveitarfélaga eigi sæti í farsældarráði auk þes sem samráð skuli haft við fulltrúa notenda.

Undirbúningur stofnunar farsældarráðs

Verði fallist á stofnun sameiginlegs farsældarráðs verður í framhaldinu unnið að gerð viðaukasamnings við sóknaráætlun til tveggja ára við mennta- og barnamálaráðuneytið. **Forsendur samnings eru að samþykki allra sveitarfélaga liggja fyrir og umboð SSH sé skýrt en samningurinn er gerður við skilgreind landshlutasamtök** og hafa Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi þegar gert slíkan samning og mun slíkur samningurinn í undirbúningi víðar.

Samningurinn mun fela í sér heimild til þess að ráða verkefnisstjóra til tveggja ára til að undirbúa og stýra vinnu svæðisbundins farsældarráðs. Fjármagn fyrir stöðu verkefnisstjóra farsældarráðs kemur frá ráðuneytinu og lagt er upp með að starfsstöðvar verði í húsakynnum landshlutasamtakanna, þ.e. SSH.

Helstu verkefni verkefnisstjóra:

1. Að eiga virkt samráð við aðildarsveitarfélögin og alla þjónustuveitendur farsældar á svæðinu með það fyrir augum að styðja við og samhæfa farsældarþjónustu í landshlutanum, ná öllum að borðinu og nýta styrkleika hvors annars.
2. Að leiða undirbúning við starfrækslu svæðisbundins farsældarráðs í landshlutanum í samráði við starfsfólk sveitarfélaganna sem bera ábyrgð á innleiðingu farsældarlaganna á hverjum stað fyrir sig.
3. Að halda utan um störf svæðisbundins farsældarráðs, boða fundi þess og bera ábyrgð á frágangi og skilum á afurð þess til allra sveitarstjórna í landshlutanum.

4. Að móta verkferla og verkáætlun fyrir verkefnið með það að markmiði að fyrir lok tímabilsins hafi svæðisbundið farsældarráð tekið til starfa og unnin hafi verið fyrsta áætlun um svæðisbundna forgangsröðun aðgerða um farsæld barna til fjögurra ára.

Verkefnisstjóra verður ætlað að skapa yfirsýn með kortlagningu á starfsemi í hverju sveitarfélagi er snýr að farsæld barna sbr. skóla- og félagsþjónusta, frístundaheimili, daggæsla, barnavernd, forvarnir, heilsugæsla, löggæsla, íþrótt- og æskulýðs- og tómstundastarf, frístundabíll, félagsmiðstöðvar, ungmennaráð o.fl. Kortlagning landshlutans getur dregið fram ólíkar áherslur og ólíka stöðu í hverju sveitarfélagi fyrir sig og er æskilegt að samráð verði við notendur við áætlanagerð. Í því sambandi má benda á að í flestum aðildarsveitarfélögum eru þegar starfandi hópar og ráð sem geta nýst við slíkt samráð t.d. notendaráð og ungmennaráð.

Þá verður verkefnisstjóra ætlað að hafa reglubundið samráð við samstarfsvettvang BOFS, ráðuneytisins og Sambands íslenskra sveitarfélaga (farsældarteymi) sem verur verður ráðgefandi bakland og styður við samhæfingu aðgerða í öllum landshlutum.

Gert er ráð fyrir því að eftir þessi tvö ár verði farsældarráð komið til að vera og haldi vinnu sinni áfram.

Önnur farsældarverkefni

Tækifæri eru til þess að fá verkefnisstjóra til að tengja verkefnið við önnur áhersluverkefni sóknaráætlana. Verkefnisstjóri gæti þá komið á tengslum milli starfsmanna nýrra starfsstöðva ÍSÍ/UMFÍ í landshlutanum við aðra lykilaðila í starfi með börnum þar sem markmið er að ná sérstaklega til barna í viðkvæmri stöðu.

Verkefni ríkislögreglustjóra, *Öruggari landshlutar : Svæðisbundið samráð um afbrotavarnir* er komið af stað og samstarfsyfirlýsing hefur verið undirrituð í flestum landshlutum. Verkefninu er ætlað að vinna enn markvissar að öryggi íbúa, auka skilning á ofbeldi og skaðsemi þess, efla samstarfsaðila í að takast á við áföll og obeldi og vinna í takt við önnur verkefni í almannabágu. Vilji er til þess að þróa þverfaglegt samstarf með öllum sveitarfélögum í umdæminu og leggja áherslu á börn og ungmenni.

Verði fallist á framangreint má því ætla að tækifæri skapist til samstarfs að farsældarmálum á breiðara grunni innan sveitarfélaganna sjálfra og við aðra aðila.

HH